

Tillaga um verklag vegna hæfi kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg

Lagt er til að forsætisnefnd samþykki að fela skrifstofu borgarstjórnar að vinna tillögu að verklagi þegar upp koma álitamál vegna hæfis kjörins fulltrúa hjá Reykjavíkurborg. Tillagan kemur til skoðunar á vettvangi forsætisnefndar og til endanlegrar afgreiðslu eftir rýni nefndarinnar.

Greinargerð

Í 6. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga kemur fram að sveitarstjórnarmaður, nefndarfulltrúi eða starfsmaður sveitarfélags sem veit hæfi sitt eða annars orka tvímælis skal án tafar vekja athygli oddvita, formanns nefndar eða næsta yfirmanns á því. Í greinargerð með frumvarpi til sveitarstjórnarlaga kemur m.a. fram að það er mikilvægt, þegar upp kemur vafi um hæfi einstaks eða einstakra sveitarstjórnarmanna, nefndarmanna eða starfsmanna að sú spurning sé tekin upp af viðeigandi aðila og afstaða tekin til álitaefnisins. Því er skylda sveitarstjórnarfulltrúa til að gera viðvart um mögulegt vanhæfi mikilvæg. Sú skylda hvílir einnig á oddvita að taka slíkt álitaefni upp á fundi að eigin frumkvæði, hafi annar ekki vakið máls á því, sé honum kunnugt um atvik sem tvímælis orka í þessu sambandi. Forsætisnefnd hefur nýlega haft til meðferðar fyrirspurnir um hæfi borgarfulltrúa en eins og fram kemur að ofan gera sveitarstjórnarlög ekki ráð fyrir því að rannsóknir á hæfi einstakra borgarfulltrúa fari fram á slíkum vettvangi. Er því lagt til að forsætisnefnd setji vinnu af stað við vinnslu tillögu að ferli sem samræmist ákvæðum laga vegna ábendinga um mögulegt vanhæfi einstaka kjörinna fulltrúa.